

Minniblað

Fundur um eflingu og bætt fyrirkomulag skipulagsmála hjá Dalabyggð, Strandabyggð og Reykhólahreppi, haldinn á skrifstofu Reykhólahrepps fimmtudaginn 8. desember 2022.

Greinargerð:

Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandir, sem telja Strandabyggð, Kaldrananeshrepp og Árneshrepp, deila með sér tveimur starfsmönnum; skipulagsfulltrúa með aðsetur í Búðardal og byggingarfulltrúa, með aðsetur á Hólmavík. Hvert sveitarfélag er með sína umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd.

Á sameiginlegum fundi sveitarfélaganna þann 8.12, þar sem saman komu sveitarstjórar og formenn Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnda í Reykhóla og Strandabyggða og sveitarstjóri Dalabyggðar, var rætt um kosti þess að sameina nefndir sveitarfélagana í eina nefnd. Var jafnframt ræddur sá kostur að ein sameiginleg nefnd hefði starfsmann/ritara í allt að 50% starfi við undirbúning funda, skjölun, og utanumhald verkefna. Er talið að með því ávinnist m.a. eftirfarandi:

- Aukin skilvirkni í starfi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa
- Betri yfirsýn yfir málaflokkinn
- Skilvirkari skjölun og meðferð gagna
- Möguleiki á fjárhagslegum sparnaður og hagræðing í formi færri launaðra fundarmanna hvers sveitarfélags, betri tímanýtingu og skilvirkari vinnubrögðum.

Rætt var um að öll sveitarfélögin þyrftu að skoða samþykki sínar m.t.t. þessa. Fram kom sú skoðun að setja þyrfti fram þrjár sviðsmyndir:

- 1) Óbreytt staða.
- 2) Aukin samræming í starfsemi en aðskildar nefndir.
- 3) Nefndir sameinaðar í eina og verkferlar, starfslýsingar og þjónustustig samræmt.

Var rætt um kosti þess að fá utanaðkomandi aðila til að leiða þessa sviðsmyndagerð. Samþykkt að bíða með ákvarðanatöku hvað þann þátt varðar þar til eftir umfjöllun sveitarstjórna.

Niðurstaða: Samþykkt var að fela sveitarstjórum Dalabyggðar, Reykhóla og Strandabyggðar að halda áfram undirbúningi þessa verkefnis, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna, á sveitarstjórnarfundum í viku 50.

ÞP/IBE/BBÞ